

Fimmtudaginn 12. janúar 1989.

Nr. 423/1988. **Lagmetisiðjan Garði hf.**

gegn

Búnaðarbanka Íslands

Kærumál. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Með bókun í fógetabók Grindavíkur 16. desember 1988 kærði sóknaraðili forsendulausan úrskurð, sem þar var kveðinn upp sama dag af Árna H. Björnssyni bæjarfógetafulltrúa. Er úrskurðurinn þannig: „Mótmælum gerðarþola gegn framkvæmd fjárnámsins og störfum virðingarmanna er hafnað.“ Hér fyrir dómi gerir sóknaraðili þær kröfur, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi, mótmæli gerðarþola í fógetarétti tekin til greina og lagt fyrir fógeta að byrja gerðina að nýju. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar og að auki 12% söluskatts.

Varnaraðili krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Í báðum tilvikum krefst hann kærumálskostnaðar og verði tekið tillit til sölu-skatts.

Héraðsdómari hefur sent Hæstarétti athugasemdir, þar sem meðal annars segir:

„Í fógetarétti Grindavíkur var þann 27. október 1988 tekin fyrir beiðni Búnaðarbanka Íslands, Blönduósi, um framhald fjárnámsgerðar er byrjaði í fógetarétti Reykjavíkur 25. ágúst 1988 í máli Búnaðarbanka Íslands, Blönduósi, gegn Lagmetisiðjunni Garði hf.

Í staðfestu endurriti úr fógetabók Reykjavíkur kemur fram að þann 25. ágúst 1988 hafi málið verið tekið fyrir af fulltrúa yfirborgarfógeta, Helgu Jónu Benediktsdóttur. Fulltrúi gerðarbeiðanda krafðist þar fjárnáms fyrir kr. 4.622.310,00 með .. ársv... og drv.... Örn Erlendsson stj.form. gerðarþola mætti og benti hann á til fjárnáms fasteignina Vesturbraut 10, Grindavík. Gerðinni var frestað til framhalds í fógetarétti Grindavíkur. Fallið var frá virðingu að sinni.

Við fyrirtekt í fógætarétti Grindavíkur, sem haldin var 27. október 1988 ..., voru mættir ... Einar S. Ingólfsson hdl. fyrir gerðarbeiðanda, Gunnar Skaftason framkv.stj. fyrir hönd gerðarþola, tilkvaddir virðingarmenn, þau Elías Guðmundsson fasteignasali og Ásta Magnúsdóttir þinglýsingafulltrúi.

Í gerðinni, sem lögð var fram í réttinum, var þess krafist að virðingargjörð fasteignarinnar Vesturbrautar 10, Grindavík, fari fram í fógætarétti Grindavíkur. Fulltrúi gerðarþola óskaði eftir að benda einnig á til fjárnáms á fasteignina Hafnargötu 28, Grindavík.

Fógætafulltrúi kynnti fyrir hinum tilkvöddu virðingarmönnum, sem jafnframt voru vottar, ákvæði laga nr. 19/1887 um skyldur og hlutverk virðingarmanna en fór síðan ásamt þeim og fulltrúum gerðarbeiðanda og gerðarþola að Vesturbraut 10 og Hafnargötu 28. Gerðinni var síðan frestað

Við fyrirtekt málsins þann 15. desember krafðist fulltrúi gerðarþola úrskurðar fógæta um atriði er lúta að virðingargerðinni og framgangi fjárnámsins: 1) að fallið hafi verið frá virðingu við fyrirtekt í fógætarétti Reykjavíkur 25. ágúst 1988. 2) Ef virðing hafi átt að fara fram hafi hún átt að fara fram í Reykjavík. 3) Eiðstafir virðingarmanna séu ófullnægjandi. 4) Lágmarkshæfisskilyrði annars virðingarmanns, sem er fasteignasali, eru véfengd, þar sem hann hefur ekki löggildingu til slíkra starfa, vegna hinna miklu hagsmuna sem hér eru í húfi. 5) Uppboðsverð eigna verði að miða við þann tíma, sem ætla verði að uppboðið fari raunverulega fram en fulltrúi gerðarþola telur ljóst að þangað til muni a.m.k. líða nokkrir mánuðir og á þeim tíma kunni afkoma gerðarþola að batna svo að um verulega meiri verðmæti sé að ræða.

Fulltrúi gerðarbeiðanda óskaði eftir að lýst yrði yfir árangurslausu fjárnámi jafnframt því að bókuð var athugasemd hans um að virðing ætti að fara fram á varnarþingi fasteignanna. Fulltrúi gerðarþola óskaði eftir að bókuð yrði athugasemd við réttarhaldið 27. október um að fógæta hafi borið að benda Gunnari Skaftasyni framkv.stj. sem mætti þá sem fulltrúi gerðarþola á að fallið hafi verið frá virðingu.

Gerðinni var frestað af fulltrúa fógæta til föstudagsins 16. desember 1988.“

Kröfu sína um frávísun frá Hæstarétti styður varnaraðili þeim

rökum að hinn kærði úrskurður sé í raun ákvörðun um, að hið umbeðna fjárnám skuli fara fram. Slikur úrskurður sæti áfrýjun en ekki kæru eftir 21. gr. 1. mgr. 3 a í lögum nr. 75/1973. Beri því að vísa málinu frá.

Hinn kærði úrskurður fjallar um mótmæli gerðarþola, sóknaraðila hér fyrir dómi, varðandi einstök atriði við framkvæmd fjárnáms. Sætir hann því ekki áfrýjun eftir því ákvæði, sem sóknaraðili vísar til, eða öðrum ákvæðum, heldur sætir hann kæru eftir upphafsákvæði 3. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973.

Hér fyrir dómi hefur sóknaraðili í fyrsta lagi stutt kröfur sínar rökum sem varða bókun um virðingu í Reykjavík og meinta skyldu til að virða í því lögsagnarumdæmi. Þessi atriði leiða ekki til þess, að fógeti í Grindavík geti eigi látið virða fasteign þar í kaupstaðnum, sem freista á fjárnáms í. Þá telur sóknaraðili, að skort hafi á leiðbeiningar dómara við ólöglærðan talsmann sinn við fyrstu fyrirtekt í Grindavík. Þegar af þeirri ástæðu að lögmaður gætti síðar hagsmuna sóknaraðila á þremur dómþingum í fógetarétti Grindavíkur verður þetta atriði engu talið skipta. Loks gerir sóknaraðili athugasemdir varðandi mat eigna sinna. Af gögnum málsins verður ráðið að vottarnir undirrituðu yfirlýsingu, sem fullnægir 2. gr. laga nr. 19/1887, og er ekkert fram komið um að þeir séu ekki færir um að framkvæma mat það sem rétt var að færi fram. Athugasemd varðandi niðurstöðu matsins fær ekki heldur staðist og veldur því ekki að meðferðin í fógetarétti verði felld úr gildi.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Rétt er, að sóknaraðili greiði varnaraðila 15.000,00 krónur í kærumálskostnað.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Lagmetisiðjan Garði hf., greiði varnaraðila, Búnaðarbanka Íslands, 15.000,00 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.